

Fundur 19. júní 2007

Fundur var haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps** mánudaginn 19. júní 2007 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíður að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Bogi Kristinsson, Karl Kristjánsson, Óskar Steingrímsson, Egill Sigurgeirsson og Guðmundur Ólafsson.

Sveinn setti fund og gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Bréf dags. 20.04.2007 frá Ragnheiði Guðjónsdóttur með ósk um breytingu á skráðri nýtingu á fasteing nr. 222-3668 úr iðnaðarhúsi í sumarhús. Tillaga kom frá Karli Kristjánssyni svohljóðandi: Skipulags- og bygginganefnd samþykkir að hafna erindinu að svo stoddu. Í Króksfjarðarnesi er íbúðarbyggð en þar hefur verið rekin verslun og önnur þjónusta um langan aldur. Umrætt atvinnuhúsnæði stendur örstutt frá íbúðarhúsinu Sólheimum og var reist af fyrrverandi íbúum þess húss í þeim tilgangi að reka þar saumastofu og handverkssölu. Það er skoðun skipulags- og byggingarnefndar að óæskilegt sé að heimila sumarhúsabyggð svo nærri íbúðarhúsi sem raunin er í þessu tilfelli. Nú stendur yfir vinna við aðalskipulag í Reykhólahreppi og er það eðlilegur vettvangur til að móta framtíðarskipulag íbúðar- og sumarhúsabyggðar í Króksfjarðarnesi. Tillagan felld með tveimur atkvæðum gegn einu. Erindið samþykkt með tveimur atkvæðum og einn sat hjá.
2. Bréf frá Stekkjarlundi ehf dags. 2. maí 2007 með beiðni um að fá teikningar samþykktar af 7 20 m² smáhýsum við Hótel Bjarkalund. Teikningar fylgja með. Erindið samþykkt með eftirfarandi athugasemdum: Slökkvitæki sé staðsett við útidyr, merkt björgunarop verði í húsunum og náttúruleg loftræsting verði á baðherbergi.

Guðmundur Ólafsson yfirgaf fundinn kl. 16:30.

3. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Uppdrættir á skrifstofu. Farið var yfir aðalskipulagstillögur, lagt var til að hesthúsabyggð yrði færð ofan vegar austan við jörðina Grund.
4. Bréf dags. 6. júní 2007 frá Umhverfisstofnun varðandi dýpkun Reykhólahafnar. UST heimilar losun dýpkunarefnis í Hrúteyjarröst vegna dýpkunar Reykhólahafnar.

Önnur mál:

1. Bréf frá Guðmundi Páli Ólafssyni dags. 20. feb.2007 og ítrekað 8. jún. 2007 þar sem hann spyr um hvort hann geti fengið Vorsali í Flatey skráða sem íbúðarhús í stað sumarhúss. Samkvæmt aðalskipulagi og deiliskipulag Flateyjar er svæðið sem húsið stendur á skilgreint sem frístundabyggð og ekki stendur til að breyta því. Nefndin telur ekki forsendur til að breyta skráningunni.
2. Bréf frá Þorsteini Bergssyni fyrir hönd Vatnsveitu Flateyjar, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir endurbótum á Vatnsveitu Flateyjar. Nefndin tekur jákvætt í erindið.

Byggingafulltrúa falið að óska eftir áliti Umhverfisstofnunar á þessari framkvæmd ásamt því að óska eftir nánari teikningum og lýsingum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:30.

Sveinn Ragnarsson (sign)

Bogi Kristinsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Guðmundur Ólafsson. (sign)